

KRÍLASEL

UNGBARNALEIKSKÓLI



Starfsáætlun 2022 – 2023

Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felast í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur, áherslur úr skólanámskrá og skóla fyrir alla.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngd börn og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Leiðbeiningar um starfsáætlunin leikskóla, bls. 1.

Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans: <i>Jafnrétti, umhyggja og öryggi</i>	6
1 Greinargerð leikskólastjóra	6
2 Innra mat	8
3 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2021-2022	9
3.1 Innra mat Krílasels 2021-2022	9
4 Ytra mat	10
4.1 Viðhorfskönnun starfsfólks	11
5 Greinargerð frá starfinu skólaárinu 2021-2022 (innra mat/umbótaáætlun)	15
6 Innra mat – fjöltyngd börn	20
7 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla	21
8 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva	21
9 Foreldrasamvinna	22
10 Skipulagsdagar og leikskóladagatal	24
11 Umsögn foreldraráðs :	25
Umsögn 1	25
Umsögn 2	25

Leiðarljós leikskólans: Jafnrétti, umhyggja og öryggi

1 Greinargerð leikskólastjóra

Skólaárið 2021-22 var mjög sérstakt vegna Covid 19 og bauð upp á margar áskoranir sem að öllu jöfnu hefði ekki þurft að takast á við. Vel gekk þó að vinna að markmiðum sem sett voru fram í starfsáætlun framan af skólaárinu þrátt fyrir covid 19. Skólaárið litaðist þó töluvert af Covid-19 og þeim takmörkunum sem það setti leikskólanum. Tilslakanir á takmörkunum hófust í júní og þá náðum við að halda sumarhátíð í fyrsta sinn. Einnig náðum við að halda foreldrafund með nýjum foreldrum og var góð mæting. Reynt var að sjá til þess að byrjun skólaárs væri með sama sniði og önnur skólaár og aðlaganir hófust í byrjun ágúst og stóðu fram í byrjun október. Aðlaganir voru með eðlilegu sniði en aðeins annað foreldrið fékk að vera með í aðlöguninni í einu og áfram var grímuskylda. Lengd aðlöguninnar fór síðan eftir því hvernig barninu gekk og leið í aðlöguninni eins og vanalega.

Þriðja bylgja.

Í nóvember skall síðan þriðja bylgja Covid á og fyrri takmarkanir samkvæmt smitsjúkdómalækni voru teknar upp á nýjan leik. Starfsfólk var komið í góða þjálfun með viðbrögð við Covid og sýndi mikla þrautseigju og dugnað þegar mannekla kom upp þannig að ekki þurfti að loka leikskólanum. Þá var gott að geta kallað til auka mannskap sem hafði verið í hlutastörfum hjá okkur. Gott samstarf var líka við foreldrana sem var einnig mjög mikilvægt. Faraldurinn hafði aukin áhrif á leikskólastarfið og starfsfólkið. Okkur tókst að hindra að fá ekki smit inn í leikskólann beint með börnunum en töluvert var um að börn og starfsfólk þyrftu að vera heima, fara í sótt hví eða einangrun vegna smits og umgangs við ættingja, vini og aðra úti í samfélaginu.

Skólastarfið og samskipti við foreldra voru frekar takmörkuð og reyndum við að gera okkar besta í að láta það ekki lita mikið skólasamfélagið. Starfsmannahópurinn á mikið hrós skilið fyrir frammistöðu sína þar sem að þær voru oft líka að glíma við allskonar covid tengt heima fyrir sjálfar. Starfsfólkið reyndi þó að halda í gleðina þrátt fyrir mikið álag og leikskólinn umbunaði því starfsfólki sem hafði lent í mesta álaginu með aukagreiðslum og einnig buðum við hópnum út að borða. Við lentum þó í starfsmannaveltu í byrjun ársins þegar tveir starfsmenn gengu út og brutu ráðningarsamning við leikskólann með því að virða ekki

uppsagnarfrest. Við vorum þó heppinn og fengum fljótlega aðrar starfskonur með meiri fagmenntun.

Krílasel er eins og aðrir leikskólar að vinna í því innleiða nýja menntastefnu Reykjavíkurborgar og áherslurnar í ár voru að efla félagsfærni og sjálfsefningu barna í Krílaseli ásamt öðrum þáttum.

Í árlegri heimsókn frá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkurborgar var skoðað inni en ekki náðist að skoða útisvæðið vegna snjóá. Von er á fulltrúanum aftur til að skoða útisvæðið í sumar. Við fengum 4 af 5 mögulegum í stigagjöf fyrir leikskólann sjálfan. Einnig komu aðilar frá SFS og framkvæmdu Innra eftirlit og voru engar athugasemdir við starfsemina.




Eftir þriggja ára starfsemi Krílasels var komin tími á endurnýjum ýmislegs námsefnis og leikfanga og var gert átak í því. Einnig var útisvæðið bætt samkvæmt ábendingum Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkurborgar frá því árinu áður, settar fleiri fallvarnarmottur og sett nýtt hlið til að aðskilja efra leiksvæði sem er ætlað meira fyrir eldri börnin og neðra leiksvæðið sem er hentugra fyrir yngstu börnin. Árleg brunæfing hefur ekki farið fram en fer fram 7 júlí. Við síðustu æfingu var rýmingartími leikskólans innan viðmiðunnarmarka. Skipulag vegna styttingu vinnuvikunar hefur gengið vel og hefur ekki haft áhrif á starfsemina.

2 Innra mat

Tilgangur innra mats er að meta hvort og að hve miklu leyti þeim markmiðum leikskólans hefur verið náð sem byggja á áherslum úr skólanámskrá leikskólans og hafa verið samþykkt af Skóla- og frístundasviði Reykjavíkuborgar. Einnig á Innra mat að veita upplýsingar um starfshætti leikskólans og þróun þeirra, og stuðla að umbótum og auknum gæðum leikskólastarfsins (Aðalnámskrá leikskóla, 2011).

Einnig þarf að tilgreina hvaða leiðir eru farnar til að ná fram þessum markmiðum og safna gögnum um framvinduna. Meta þarf sérstaklega nám og velferð barna, styrkleika þeirra og hæfni.

Matið þarf að fara fram árlega og gefa upplýsingar um í hverju þær umbætur eru fólgnar og má líkja matinu við hringlaga ferli þar sem gagnaöflun fer fram í starfinu. Gögn eru greind og metin í samvinnu, og ákvarðað hvað gera skuli í framhaldinu. Setja þarf fram umbætur/matsáætlun sem byggir á niðurstöðum gagna líðandi starfsárs og skipuleggja vinnu út frá þeim niðurstöðum. Í umbótaáætluninni eru sett fram hvaða leiðir þarf að fara til að ná þeim viðmiðum sem stefnt er að.



3 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2021-2022

3.1 Innra mat Krílasels 2021-2022

Áherslupættir í umbótaáætlun 2021-2022

- **Í stjórnunarkafnanum:** var haldið áfram að leggja áherslu á að styrkja faglegt samstarf með þátttöku allra starfsmanna og voru starfsmenn hvattir til að tjá sig um hvað þeim fannst að mætti fara betur. Mikið var unnið með þetta á skipulags/starfsdögum. Áhrif Covid-19 hafði ekki eins mikil neikvæð áhrif á þetta og árið áður og ekki þurfti að hætta við skipulags eða starfsdag af völdum þess. Það var þó einnig lögð áhersla á að allt starfsfólkið þekki sem best innra starfið og sé meðvitað um stefnu skólans. Einnig var lögð áhersla á að mæta nýju starfsfólki með alúð og umburðarlyndi þannig að því fyndist það velkomið og hluti af starfsmannahópnum. Þá er það alltaf skilyrði að nýtt starfsfólk kynni sér stefnu leikskólans, námskrá og starfsáætlanir og annað það sem kemur fram á heimasíðu leikskólans.

- **Í uppeldis- og menntastarfi :** Markvisst er unnið með hugmyndafræði Dewey's (learning by doing) með sjálfsefningu að leiðarljósi. Áfram er stuðst við sjónrænt dagskipulag og það bætt með uppsetningu á tveimur mynda vasatöflum sem auðveldar fyrir börnin að skilja dagskipulagið. Einnig eru stólar t.d. merktir með nöfnum barnanna þannig að þau læri að þekkja nöfnin sín eftir fyrsta bókstaf í nafninu. Einnig er byrjað að vinna með fyrstu stig læsis og málörvun, og m.a. stuðst við „Lærum og leikum „ og „Lubbi finnur málbein“ . Stuðst er áfram við þroskalistann sem er notaður á mörgum öðrum ungbarnadeildum og síðan er farið yfir hann með foreldrum í foreldraviðtölum. Varðandi sköpunarþáttinn þá höfum við bætt við þeimum mánaðarins þar sem börnin vinna gjarnan verkefni með þeimur sem tengjast t.d. árstíðunum. Þessi verkefni eru síðan merkt og hengd upp til sýnis fyrir börnin og foreldra þeirra. Haldið er utan um allt starf barnanna í möppu sem börnin fá síðan með sér heim við útskrift úr leikskólanum. Myndir á heimasíðunni eru líka mikið notaðar til að veita foreldrum betri innsýn í leik og starf barnanna í leikskólanum. Þeim er síðan eytt við útskrift barnanna.

- **Í mannauðsmál:** Framkvæmdastjórinn og matráður er með MS gráðu í mannauðsstjórnun og vinnur mjög náið með leikskólastjóranum í mannauðsmálum leikskólans. Í Covid ástandinu hefur verið mjög mikilvægt að halda vel utan um starfsmannahópinn. Reynt var að samræma þarfir starfsfólks og starfskröfur leikskólans eins og hægt er en oft var mikið álag og þá var reynt að umbuna starfsfólkinu með aukagreiðslum, aukafríum eða annari umbun. Lögð er áhersla á að það starfsfólk sem hefur fagmenntun og reynslu deili því út til annars starfsfólks þannig að vinnubrögðin verði sem faglegust og allir taki þátt í faglegum umræðum og fái þá tilfinningu að við séum öll að vinna að sömu markmiðunum. Allir hafa þó tækifæri á að koma sínum skoðunum á framfæri. Einnig var boðið upp á starfsmannaviðtöl.

- **Varðandi innra matið.** Gerð var áætlun um þá umbótaþætti sem vinna þurfti að á skólaárinu 2021-2022. Vegna Covid-19 riðlaðist umbótaáætlun 2020-2021 ekki að ráði. Haldið verður áfram að vinna með þá sömu þætti á skólaárinu 2021-2022.

4 Ytra mat

Ytra eftirlit skrifstofu skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar fór fram frá 15 september 2021 þegar spurningar bárust frá eftirlitsaðilum til 11 janúar 2022 þegar niðurstöður bárust. Eftirlitsaðilar hittu leikskólastjóra fyrst á rafrænum fundi 11 október 2021 og fóru yfir spurningar og heimsóttu síðan leikskólann þann 2 nóvember 2021. Það voru þær Auður Ösp Guðjónsdóttir og Sigrún Harpa Magnúsdóttir sem komu í heimsókn í Krílasel. Niðurstöður heimsóknarinnar voru að rými og aðstaða barnanna voru í lagi sem og skil á umbeðnum fylgigögnum.

4.1 Viðhorfskönnun starfsfólks


Ákveðið var eftir ábendingar frá SFS að gera viðhorfskönnun starfsfólks. Stuðst var við „Survey monkey“ spurningaforritið við gerð könnunarinnar sem fór fram rafrænt í gegnum internetið. Könnunin var nafnlaus. Í Krilaseli er mjög fjölbreyttur starfsmannahópur og voru spurningarnar bæði á ensku og íslensku. Spurningarnar (staðhæfingar) voru 17 alls og hægt var að velja t.d. algjörlega sammála – frekar sammála – hvorki sammála né ósammála- frekar ósammála- algjörlega ósammála. Hér fyrir neðan er dæmi um spurningar:

Ég er stolt af starfsstaðnum mínum. Svar: 100% sammála

Work Survey

1. Ég er stolt af starfsstaðnum mínum. I'm proud of my workplace.

Answer Choices	Responses	
Always	100,00%	6
Usually	0,00%	0
Sometimes	0,00%	0
Rarely	0,00%	0
Never	0,00%	0
Answered		6




Starfsstaður minn leggur áherslu á gæði í störfum og þjónustu. Svar: 83% mjög sammála, 17% sammála.

Work Survey

2. Starfsstaður minn leggur áherslu á gæði í störfum og þjónustu.

My workplace emphasizes quality in jobs and services.

Answer Choices	Responses	
Strongly agree	83,33%	5
Agree	16,67%	1
Neither agree nor disagree	0,00%	0
Disagree	0,00%	0
Strongly disagree	0,00%	0
	Answered	6



Niðurstaða könnunar í heild sinni fylgir með í fylgigögnum

Umbótaáætlun leikskólans 2022-2023

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig og hvenær metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmu m við það?	Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir			Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Stjórnun	Haldið áfram með starfsþróun starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur	Betri skipulagning, aukid samráð og leiðsögn til starfsmanna.	Leikskólastjóri.	Haust	Vor	Starfsánægjukönnun einu sinni á ári, starfsmannaviðtöl eftir óskum starfsmanna og starfsfólki gefið orðið á starfsdögum. starfsdagar.	Starfsánægja starfsfólks mæld með reglulegum starfsánægjukönnunum til merkis um framfarir á gæðum starfsins.
Uppeldis- og menntastarf							
	Betra skipulag náms og námsaðstæðna.	Fylgjast vel með þróun námsefnis og endurnýja námsefni reglulega.. Halda áfram að bæta myndrænt dagsskipulag með betri myndum sem börnin eru að tengja við.	Leikskólastjóri	Allt skólaárið	Allt skólaárið	Rýnihópur starfsfólks	Meiri áhugi og ánægja barnanna með námsefnið.
Mannauður/ Leikskólabragur							

	Ígrundun á starfi og betri samskiptum .	Aukin samvinna og reglulegar umræður um starfið með því markmiði að efla vinnuandann.	Allir starfsmenn	Allt árið	Allt árið	Starfsmannafundur	Spurningakönnun tuk þess að fæa unnsýn í vinnumórállinn.
Innra mat							
	Unnið verði markvisst á skólaárinu að þeim umbótaþáttum sem nefndir eru í starfsáætlun .	Umbótaáætlun sé sýnileg í starfsáætlun sem er á heimasíðu Krílasels	Leikskólastjórnari	Haustönnun 2022 og endurmat fer fram í maí 2023		Gátlisti út frá umbótaáætlun	Að ná a.m.k 85% árangri í viðmiðum skólans.

5 Greinagerð frá starfinu skólaárinu 2021-2022 (innra mat/umbótaáætlun)

Það er ánægjulegt að geta sagt að skólaárið 2021-22 var mjög lærdómsrik ár. Covid faraldurinn hafði ekki eins mikil áhrif á leikskólastarfið eins og við höfðum óttast og aðrir leikskólar höfðu lent í. Því má líka þakka starfsfólkinu og góðri samvinnu við foreldra. Starfsfólkið fékk mikla reynslu í að vinna saman undir miklu álagi þar sem að allir þurftu að geta verið bæði sveigjanlegir og ákveðnir í að fylgja öllum sóttvarnarreglum. Okkur markmið var að ástandið hefði sem minnst áhrif á börnin og leikskólastarfið og það tókst ágætlega að okkar mati og búum við að þeirri reynslu ef svipaðar aðstæður koma upp aftur.



Á skólaárinu voru 19 strákar og 6 stelpur. Hópurinn var aðeins blandaður í aldri og voru flest börnin orðin 14-16 mánaða við inntöku. Þrjú barnanna voru aðeins eldri fædd 2019 og náðu 3 ára aldri á árinu. Önnur voru fædd 2020. Aðalinntökutímabilið er eftir sumarlokun og þá hefst aðlögunin. Í aðlögun var áfram lagður grunnur að góðu samstarfi við foreldra og börnin með áherslu á vellíðan barnana í leikskólanum. Einnig teljum við mikilvægan hluta af aðlöguninni að foreldrar séu með í samverustundum og fái þannig betri innsýn í starf leikskólans. Aðlögunin fór að mestu leyti fram eins og venjulega en var stundum smá púsluspil vegna fjarveru starfsfólks sem þurfti að sinna covid-smituðum börnum sínum heima annað hvort í sóttkví eða einangrun. Grímuskylda fullorðinna bæði starfsfólks og foreldra var allveg fram til í apríl 2022 og það ásamt miklum þrifum og sprittunarskyldu teljum við að hafi hjálpað mikið til að ekki barst smit inn í leikskólann.



Samverustundin er mikilvægur þáttur í leikskólastarfinu í Krílaseli. Þar förum við yfir hvernig dagurinn verður og styðjumst við myndrænt skipulag. Einnig er mikilvægt að starfsfólkið leggi áherslu á að styðja börnin og hvetja til samskipta og að gera samverustundina skemmtilega þannig að börnunum hlakki til að fara í samverustund. Við förum líka í markvissa málörvun í daglegum samverustundum.



Í hóparstarfinu í Krílaseli er mikil áhersla lögð á málörvun og stuðst við námsefnið „Lærum og leikum“ og aðrar myndabækur til að auka orðaforða. Við erum líka með Lubbastundir, þar sem við notum „Lubbi finnur málbein“ og öll börnin fengu sinn eigin Lubba í jólagjöf frá leikskólanum. Reynt er að vinna innan markmiða um málörvun og útbúa umhverfi þar sem börn fá tækifæri til þess að læra tungumálið s.s. í gegnum söng, hlustun og samræður.



Mikil áhersla er á að hvetja börnin til sjálfshjálpar í daglegum athöfnum s.s. að matast, klæðast, leika, skapa o.s.frv.. Við leggjum áherslu á að börnin fái að njóta sín í frjálsum leik og læri að deila leikföngum og hlutum með öðrum börnum. Þetta er í anda þeirrar hugmyndafræði sem leikskólinn styðst við þ.e. Reggio- Emilio og Dewey og samræmist einnig menntastefnu Reykjavíkurborgar. Markmiðið er m.a. að gera börnin sjálfstæðari, að þau sýni hvort öðru virðingu.



Okkur finnst að þrátt fyrir áskoranir vegna covid þá hafi okkur tekist að halda uppi að mestu óskerti starfsemi á starfsárinu og erum við þakklát starfsfólki og foreldrum fyrir samvinnu og þrátt fyrir allt hafa verið margar dásamlegar og ógleymanlegar stundir í Krílaseli.



Umbótaþættir fyrir næsta skólaár: 2022-2023

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Textann í þessari línu má taka út, aðeins til leiðbeiningar	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir			Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.

Sjálfsstyrking	Kenna börnunum að bera virðingu fyrir sjálfum sér og hvort öðru.	Hjálpum börnunum að koma athöfnunum í orð og að tjá tilfinningar sínar.	Allir	haust	vor	Rýna atferli þeirra í frjálsum leik og samveru við önnur börn. Styðjast við athugunarþroskalista fyrir 1-2 ára börn.	Skoða athugunarþroskalista fyrir 1-2 ára börn með foreldrum í foreldraviðtölum hvort framfarið hafi orðið.
Sjálfsþjálfun	Stefnt er að því að auka sjálftraust barnanna með því að nýta daglegar athafnir.	Styrkja þau t.d. í fataklefa að æfa sig í að klæða sig í og úr fötunum.	allir	haust	vor	Yfir allt skólaárið á skipulagsdögum.	Að leggja mat á hvort börnin ná að verða sem mest sjálfstæð í sem flestu í leikskólanum.
Samverustund	Gera samverustundir markvissari.	Skipuleggja stundirnar betur. Allir vera með	Leikskóastjóri (allir)	Haupt	Vor	Skriflegt mat á hvernig gengur reglulega og fara yfir það með starfsfólki á skipulagsdögum.	Ef börnum hlakkar til að fara í samverustund þá vitum við að við erum á réttri leið.
Útivera	Gera útiverunaskemmtilega og heilsueflandi.	Taka þátt í leik barnanna og hvetja þau til að hreifa sig.	allir	haust	vor	Fara yfir framkvæmd og árangur útiverunnar á skipulagsdögum.	Ef börnin eru glöð, svöng og þreytt þegar þau koma inn þá tökum við því sem vísbendingum að þau njóti útiverunar og við séum að ná markmiðum okkar.

6 Innra mat – fjöltyngd börn

Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2022-2022

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	Fjármagni var ráðstafað til kaupa á bókum og kennsluefni sem notað var við málörvun.
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Á hvaða hátt? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	Við styðjumst við 10 mín. regluna þar sem notaðar eru c.a. 10 mín. á hvert barn daglega til að örva samskipti og hefur það virkað mjög vel. Einnig í dagelgum athöfnum.
Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna? Á hvaða hátt? Eru t.d. les- og samverustundir nýttar til þess að dýpka orðaforða barna?	Með lestri og leikjum sem krefjast samskipta og í samverustund, matartíma, hópastarfi, fataklefanum, útiverunni, við bleyjuskipti og sögustund.
Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Á hvaða hátt? Eru t.d. notuð matstæki, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?	Fylgst er með framförum í daglegu starfi og leik og farið yfir þær í foreldraviðtölum.
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	Vegna ungs aldurs barnanna (12-24 mán.) er aðallega fylgst er með orðaforða, málskilningi og líkamstjáningu/svipbrigðum.

Umbótaáætlun –fjöltyngi 2022-2023

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmiðum árangur
Betri fjármagnsnyting.	Vera opinn fyrir fjölbreyttara námsefni	Sækja námskeið, fá aðkeyptara fræðslu og kaupa fleiri bækur.	Leikskólastjóri	Á alltaf við		Umræður á starfsdegi um það hvort og hvernig námsefnið er að nýtast við málörvun barnanna.	Er námsefnið að efla málþroska barna?

7 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

- Okkur markmið í Krílaseli er að allt starfsfólk fái minnst einu sinni starfsmannviðtal á ári eða eftir þörfum. Þetta er sérstaklega mikilvægt fyrir nýja starfsmenn. Vegna covid höfum við ekki sótt okkur neina fræðslu út fyrir leikskólan enda hefur flestu verið frestað fram á næsta skólaár.
- Starfsfólk fékk fræðslu frá Framkvæmdastjóra um mannauðsmál og mikilvægi þess að vinna þétt saman.
- Gerð var starfsánægjukönnun á meðal starfsfólks og stendur til að gera slíkt árlega.
- Leikskólaheimsókn. Skoðuð var ungbarnadeild í einum af leikskólum Reykjavíkurborgar.
- Skyndihjálpnámskeiði fyrir ungbörn á vegum Rauða Krossins.
- Leikskólastjóri tók námskeiðið „Réttindanámskeið smábarnalistinn“
- Leikstjórastjóri veitti einnig fræðslu um líkamsbeitingu við umönnun barnanna.

7.1 Símenntunaráætlun 2022-2023

- Til stendur að sækja námskeið vegna Innra mats í leikskólum.
- Aukin fræðsla um fjölmenningu.
- Aukin fræðsla um málörvun.
- Námskeið um notkun „Lubbi finnur málbein“
- Heimsóknir í aðra ungbarnaleikskóla/deildir.
- Hvetja starfsfólk af erlendu bergi brotið til að taka fleiri námskeið í íslensku.
- Menntavika Háskóla Íslands.
- Sækja ráðstefnu hjá Rannung um málefni ungra barna.

8 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Ekkert samstarf er við grunnskóla né frístundaheimili vegna ungs aldurs barnanna. Við erum í góðu samstarfi við þjónustumiðstöð Breiðholts og við leikskólana í nánasta umhverfi í Seljahverfinu.

9 Foreldrasamvinna

Við lítum svo á að í raun þá séu foreldrarnir sérfræðingar í börnum sínum og beri því meginábyrgð á uppeldi þeirra. Leikskóladvölin er aftur á móti fyrst og fremst viðbót við uppeldi foreldra en kemur ekki í stað þess. Leikskólinn er lögum samkvæmt fyrsta skólastigið í menntakerfinu og annast nám barna á leikskólaaldri. Á þessum grundvallaratriðum byggist foreldrasamvinna.

Góð fyrstu kynni foreldra af leikskólanum og vel heppnuð aðlögun barns eru mikilvæg til að byggja upp traust og góð samskipti fyrir komandi leikskóladvöl barnsins.

Í yfirlýsingu frá Mennta- og menningarmálaráðuneytið (2011, bls. 48) er bent á mikilvægi foreldrasamstarfs í aðlögun barna og þar segir að leggja þurfi góðan grunn að samstarfi foreldra og leikskóla strax í upphafi leikskólagöngunar með velferð og umhyggju barna að leiðarljósi. Leikskólafólki ber að sýna fjölbreyttum fjölskyldugerðum og menningu skilning og virðingu, og samstarfið þarf að byggjast á trausti og gagnkvæmum skilningi.

Okkar markmið í Krílaseli er m.a. að hafa gott foreldrasamstarf sem er mjög mikilvægt vegna ungs aldurs barnanna og fjölbreytilegs barna og foreldrahóps. Dagleg góð samskipti milli foreldra og starfsfólks sem byggja á fordómaleysi og umburðarlyndi eru grunnurinn að traustu foreldrasamstarfi.

Foreldrafundir

Okkur tóks að halda kynningarfund fyrir foreldra á leikskólafundinum um haustið og var vel mætt. Þetta er mikilvægt að okkar mati og við munum halda þessu áfram á hverju hausti. Þar gefum við foreldrum margvíslegar upplýsingar um leikskólafundið og segjum frá áherslunum fyrir komandi skólaár. Einnig er mikilvægt að foreldrar kynnist innbyrðis og þar er lagður grunnurinn að stofnun foreldraráðs. Á fundinum var einnig farið yfir mikilvægi samráðs og samvinnu, og undirstrikað að velferð barnsins sé alltaf í fyrirrúmi. Farið var yfir upplýsinga og boðleiðir og bent á að helgarpóstur væru sendir með upplýsingum um starfið, komu nýrra barna og starfsmanna í hverri viku..

Foreldraviðtöl

Allir foreldrar fá skipulög foreldraviðtöl og eftir þörfum. Viðtölin byggjast á upplýsingum um barnið og athugunum á færni og þroska í leik og starfi. Stuðst er við matstæki fyrir börn 1- 2 ára þar sem þættir eins og félagsleg samskipti, málþroski, sjáfhjálpi, vitsmunapróska og hreyfiþroski eru metin. Í foreldraviðtölum gefst foreldrum tækifæri til að spyrja spurninga og veita upplýsingar um barnið. Leikskólastjóri sendir oftast tölvupóst einu sinni viku til að halda foreldrum upplýstum um starfið í leikskólanum og breytingar.

Samskipti við erlenda foreldra

Lögð er áhersla á góð og uppbyggileg samskipti alla foreldra hvort sem þeir eru íslenskir eða af erlendu bergi brotin og eiga annað móðurmál en íslensku. Foreldrum af erlendu bergi brotið er alltaf boðin túlkur í byrjun, bæði í fyrstu heimsókn eða í foreldraviðtölum. Þau fá reglulega fund með leikskólastjóra varðandi stöðu barnsins sérstaklega hvað varðar almennan þroska þess og hvernig leikskólakerfið virkar á Íslandi. Upplýsingaflæði er mjög mikilvægt fyrir þau og þá sérstaklega fyrir nýja foreldra sem hafa enga reynslu af íslensku menntakerfi.

Sumarhátíð

Á leikskólaárinu heldum við fyrstu sumarhátíðina í Krílaseli. Til skemmtunar fyrir börnin var hoppukastali, kleinur, skúffukaka og ávaxtadjús. Góð mæting var hjá foreldrum og ömmur og afar, fræmkur og systkyni létu líka sjá sig. Krökkunum fannst þetta æðislegt og við munum reyna að halda þessu áfram.



10 Skipulagsdagur og leikskóladagatal

- Föstudagur: 7 október 2022. Lokað allan daginn
- Föstudagur: 25 nóvember 2022. Lokað allan daginn
- Mánudagur: 02 janúar 2023. Lokað allan daginn
- Fimmtudagur : 16 mars 2023. Lokað allan daginn
- Föstudagur : 21 apríl 2023. Lokað allan daginn
- Föstudagur: 12 maí 2023. Lokað allan daginn

Samband íslenskra
sveitarfélaga

Leikskóladagatal 2022 - 2023

Nafn skóla: **Kríslasel ungbarnaleikskóli**

AGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ	JÚLÍ
1 M Föstudagur vinnuþrognarskipti	1 F Aðlagun niðra barna	1 L	1 Þ	1 F Fjölskyldudagurinn	1 S Nýársdagur	1 M	1 M	1 L	1 M Vinnuþrognarskipti	1 F	1 L
2 Þ Mánudagur	2 F Aðlagun niðra barna	2 S	2 M	2 F	2 M	2 F	2 F	2 M Vinnuþrognarskipti	2 Þ	2 F	2 S
3 M Þriðjudagur	3 L	3 M Aðlagun niðra barna	3 F	3 L	3 Þ	3 F	3 F	3 M	3 M	3 L	3 M
4 F Þriðjudagur	4 S	4 Þ Aðlagun niðra barna	4 F	4 S	4 M	4 L	4 L	4 Þ	4 F	4 S	4 Þ
5 F Þriðjudagur	5 M Aðlagun niðra barna	5 M Aðlagun niðra barna	5 L	5 M	5 F	5 S	5 S	5 F	5 M	5 M	5 M
6 L	6 Þ Aðlagun niðra barna	6 F Aðlagun niðra barna	6 S	6 Þ	6 F	6 M	6 M	6 F	6 Þ	6 Þ	6 F
7 S	7 M Aðlagun niðra barna	7 F	7 M	7 M	7 L	7 Þ	7 Þ	7 F Fjölskyldugrímur langi	7 S	7 M	7 F
8 M Þriðjudagur	8 F	8 L	8 Þ	8 F	8 S	8 M	8 M	8 L	8 M	8 F	8 L
9 Þ	9 F	9 S	9 M	9 F	9 M	9 F	9 F	9 S	9 Þ	9 F	9 S
10 M	10 L	10 M	10 F	10 L	10 Þ	10 F	10 F	10 M	10 M	10 L	10 M
11 F	11 S	11 Þ	11 F	11 S	11 M	11 L	11 L	11 F	11 F	11 S	11 Þ
12 F	12 M Aðlagun niðra barna	12 M	12 L	12 F	12 Þ	12 S	12 S	12 M	12 F	12 M	12 M
13 L	13 Þ Aðlagun niðra barna	13 F	13 S	13 Þ	13 F	13 M	13 M	13 F	13 L	13 Þ	13 F
14 S	14 M Aðlagun niðra barna	14 F	14 M	14 M	14 L	14 Þ	14 Þ	14 F	14 S	14 M	14 F
15 M Aðlagun niðra barna	15 F	15 Þ	15 F	15 S	15 M	15 M	15 M	15 L	15 M	15 F	15 L
16 Þ Aðlagun niðra barna	16 F	16 S	16 M	16 F	16 M	16 F	16 F	16 S	16 Þ	16 F	16 S
17 M Aðlagun niðra barna	17 L	17 M	17 F	17 L	17 Þ	17 F	17 F	17 M	17 M	17 L	17 M
18 F Aðlagun niðra barna	18 S	18 Þ	18 F	18 S	18 M	18 L	18 L	18 Þ	18 F	18 S	18 Þ
19 F Aðlagun niðra barna	19 M Aðlagun niðra barna	19 M	19 L	19 M	19 F	19 S	19 S	19 M	19 F	19 M	19 M
20 L	20 Þ Aðlagun niðra barna	20 F	20 S	20 Þ	20 F	20 M	20 M	20 L	20 M	20 Þ	20 F
21 S	21 M Aðlagun niðra barna	21 F	21 M	21 M	21 L	21 Þ	21 Þ	21 F	21 S	21 M	21 F
22 M Aðlagun niðra barna	22 F Aðlagun niðra barna	22 L	22 Þ	22 F	22 S	22 M	22 M	22 L	22 M	22 F	22 L
23 Þ Aðlagun niðra barna	23 F Aðlagun niðra barna	23 L	23 M	23 F	23 M	23 F	23 F	23 M	23 Þ	23 F	23 S
24 M Aðlagun niðra barna	24 L	24 M	24 F	24 L	24 Þ	24 F	24 F	24 M	24 M	24 L	24 M
25 F Aðlagun niðra barna	25 S	25 Þ	25 F	25 S	25 M	25 L	25 L	25 Þ	25 F	25 S	25 Þ
26 F Aðlagun niðra barna	26 M	26 F	26 L	26 M	26 F	26 S	26 S	26 M	26 F	26 M	26 M
27 L	27 Þ Aðlagun niðra barna	27 F	27 S	27 Þ	27 F	27 M	27 M	27 F	27 L	27 Þ	27 F
28 S	28 M Aðlagun niðra barna	28 F	28 M	28 M	28 L	28 Þ	28 Þ	28 F	28 M	28 F	28 F
29 M Aðlagun niðra barna	29 F Aðlagun niðra barna	29 L	29 Þ	29 F	29 S	29 M	29 M	29 L	29 M	29 F	29 L
30 Þ Aðlagun niðra barna	30 F Aðlagun niðra barna	30 S	30 M	30 F	30 M	30 F	30 F	30 M	30 Þ	30 F	30 S
31 M Aðlagun niðra barna	31 M	31 M	31 L	31 Þ	31 F	31 F	31 F	31 M	31 M	31 M	31 M

11 Umsögn foreldraráðs :

Umsögn 1

Kríasel er framúrskarandi leikskóli þar sem velferð barna og fagmennska er höfð að leiðarljósi. Samskipti og samstarf skólastjórnenda og starfsfólk við foreldra er til fyrirmyndar og finna foreldrar fyrir því að hugsað er vel um börnin í skólanum.

Upplýsingagjöf til heimila er mjög góð þar sem sendur er póstur vikulega um hvernig undangengin vika hefur verið sem og hvað framundan er á næstkomandi dögum. Þess fyrir utan eru ýmsar upplýsingar sem liggja fyrir þegar börnin eru sótt svo sem hversu lengi börnin hafi sofið yfir daginn, hvernig matartíminn hafi gengið og sitt hvað fleira.

Starfsfólk skólans leggur mikla og ríka áherslu á að börnunum líði vel í skólanum, koma til móts við þarfir þeirra sem og veita þeim athygli og umhyggju.

Umsögn 2

Starfsáætlun Kríasels fyrir árið 2021-2022 er vel gerð og augljóst að vandað er til verka við skipulag og framfylgd markmiða. Get ég staðfest sem foreldri að barninu líður vel í Kríaseli og upplifun er sú að farið sé skrefinu lengra í faglegu starfi sem og samskiptum við foreldra.

Foreldraráð leikskólans skipa:

Ólafur Eiríkur Þórðarson Grunnskólakennari.

Ásdís Björg Jóhannesdóttir Grunnskólakennari.

F. h. Kríasels Ungbarnaleikskóla

Susana Rabanes Gunnþórssón
Leikskólastjóri

01. Júlí 2022
Dagsetning

Starfsáætlun 2022 – 2023

Kríasel ungbarnaleikskóli

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Ólafur Eiríkur Þórðarson Grunnskólakennari.

Ásdís Björg Jóhannesdóttir Grunnskólakennari.

Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.

Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs:

Umsögn 1

Krílasel er framúrskarandi leikskóli þar sem velferð barna og fagmennska er höfð að leiðarljósi. Samskipti og samstarf skólastjórnenda og starfsfólk við foreldra er til fyrirmyndar og finna foreldrar fyrir því að hugsað er vel um börnin í skólanum.

Upplýsingagjöf til heimila er mjög góð þar sem sendur er póstur vikulega um hvernig undangengin vika hefur verið sem og hvað framundan er á næstkomandi dögum. Þess fyrir utan eru ýmsar upplýsingar sem liggja fyrir þegar börnin eru sótt svo sem hversu lengi börnin hafi sofið yfir daginn, hvernig matartíminn hafi gengið og sitt hvað fleira.

Starfsfólk skólans leggur mikla og ríka áherslu á að börnunum líði vel í skólanum, koma til móts við þarfir þeirra sem og veita þeim athygli og umhyggju.

Umsögn 2

Starfsáætlun Krílasels fyrir árið 2021-2022 er vel gerð og augljóst að vandað er til verka við skipulag og framfylgd markmiða. Get ég staðfest sem foreldri að barninu líður vel í Krílaseli og upplifun er sú að farið sé skrefinu lengra í faglegu starfi sem og samskiptum við foreldra.

